Skilmálar fyrir fjarskiptaþjónustu hjá Tali

Eftirfarandi skilmálar gilda fyrir alla fjarskiptaþjónustu sem Tal, skráð IP fjarskipti ehf., kt: 681201 2890, veitir nema að sérákvæði í sérstökum skilmálum eða samningum mæli á annan veg. Tal áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum, þjónustu og verði. Breytingar eru kynntar á vefsíðu Tals, www.tal.is, með a.m.k. mánaðarfyrirvara áður en breytingarnar taka gildi. Sá sem óskar eftir fjarskiptaþjónustu Tals., viðskiptavinur, skuldbindur sig við undirritun eða staðfestingu samnings um fjarskiptaþjónustu til að hlíta þeim kjörum og skilmálum sem Tal hefur á þjónustu sinni. Ef Tal gerir ekki athugasemdir við samninginn innan tveggja vikna frá því að aðgangur að þjónustu er veittur, er kominn á bindandi þjónustusamningur.

III Uppsögn

1. gr. Uppsögn

Viðskiptavinir á einstaklingsmarkaði eiga rétt á því að segja þjónustusamningi fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta þegar þeir fá tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á skilmálum.

2. gr. Uppsögn

Báðir aðilar geta sagt upp þjónustusamningi með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda. Skal uppsögnin vera skrifleg og á þar til gerðu formi sem hægt er að fá hjá Tali. Uppsögn miðast við upphaf nýs reikningstímabils, 1. dag næsta mánaðar.

3. gr. Uppsögn

Tali er heimilt bjóða samninga þar sem viðskiptavinur skuldbindur sig í allt að sex mánuði. Ef viðskiptavinur segir upp slíkum samningi á samningstíma áskilur Tal sér rétt til að krefja áskrifanda um þau mánaðargjöld sem ógreidd eru af samningstímanum auk riftunargjalds.

4. gr. Uppsögn

Við uppsögn á samningi ber viðskiptavini að skila án tafar búnaði í eigu Tals. Ef áskrifandi getur ekki af einhverjum orsökum skilað búnaði er Tali heimilt að gjaldfæra viðskiptavin um upphæð sem nemur verðmæti búnaðarins á þeim tíma sem hann var afhentur.